

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 321/2022**

**frá 9. desember 2022**

**um breytingu á V. viðauka (Frjáls för launþega) og VIII. viðauka  
(Staðfesturéttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),  
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1948 frá 13. október 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Sambandslýðveldinu Brasilíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1949 frá 13. október 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út á Nýja-Sjálandi, að því er varðar Cooks-eyjar, Niue og Tókelá, og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins <sup>(2)</sup>.
- 3) V. og VIII. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*I. gr.*

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 10zt (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1340) í V. viðauka við EES-samninginn:

„10zu. **32022 D 1948**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1948 frá 13. október 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Sambandslýðveldinu Brasilíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 268, 14.10.2022, bls. 43).

10zv. **32022 D 1949**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1949 frá 13. október 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 14.10.2022, bls. 43.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 268, 14.10.2022, bls. 46.

vottorða sem gefin eru út á Nýja-Sjálandi, að því er varðar Cooks-eyjar, Niue og Tókelá, og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 268, 14.10.2022, bls. 46).“

2. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 11zt (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1340) í VIII. viðauka við EES-samninginn:

„11zu. **32022 D 1948**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1948 frá 13. október 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Sambandslýðveldinu Brasilíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 268, 14.10.2022, bls. 43).

11zv. **32022 D 1949**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1949 frá 13. október 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út á Nýja-Sjálandi, að því er varðar Cooks-eyjar, Niue og Tókelá, og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 268, 14.10.2022, bls. 46).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2022/1948 og (ESB) 2022/1949, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kristján Andri Stefánsson***

*formaður*

ÓOPINBER ÞÝÐING